

61. þing Sundsambands Íslands
Íþróttamiðstöðinni Laugardal
6. og 7. mars 2015

Þingskjal nr: 2015 - 13

61. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 6. og 7. febrúar 2015 samþykkir eftirfarandi breytingar á III. kafla laga og reglugerða SSÍ. (ath! Breytingar rauðletraðar)

III. KAFLI – Hlutverk SSÍ og starfsnefnda SSÍ

Sundsamband Íslands er aðili að Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands og fer með æðsta vald í málefnum sundhreyfingarinnar á Íslandi, í samræmi við lög SSÍ og samþykktir sundþings.

Sundsamband Íslands er aðili að

.....á heimasíðu. (*Óbreytt*)

Hlutverk starfsnefnda SSÍ

~~Stjórn SSÍ kallar eftir tilnefningum fulltrúa~~

~~.....tilnefndir af þjálfarasamfélaginu á hverjum tíma.~~

Stjórn SSÍ skipar eftirfarandi nefndir í samræmi við lög SSÍ.

Aga og siðanefnd

Dómara-, móta- og tækninefnd

Fræðslu- og kynningarnefnd

Kjörnefnd

Landsliðsnefnd

Sundiþróttanefnd

Þjálfaranefnd

Aðrar nefndir sem stjórn SSÍ telur nauðsynlegt að taki til starfa

Stjórn skipar nýja fulltrúa í nefndir í stað þeirra sem forfallast eða hætta störfum á starfstímabili.

Stjórn SSÍ skilgreinir hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda með sérstakri samþykkt stjórnar SSÍ á hverjum tíma.

Nefndir SSÍ vinna á ábyrgð stjórnar á hverjum tíma og eru skipaðar af stjórn SSÍ á fyrsta reglulega fundi hennar eftir sundþing.

Greinargerð

Um töluverðan tíma hefur raunveruleikinn birst þannig að mjög erfitt getur verið að fá fólk til starfa innan nefnda SSÍ. Þess vegna hefur stjórn SSÍ ekki getað uppfyllt þær væntingar og skyldur sem birtast í núverandi III.kafla laga og reglugerða SSÍ. Því er gerð tillaga um að fastanefndum SSÍ verði fækkað. Einnig er það svo að verkefni nefndanna hafa verið mismunandi frá tímabili til tímabils og þar sem þetta eru starfsnefndir sem starfa á ábyrgð og í umboði stjórnar SSÍ þykir rétt að hún skilgreini hlutverk, starfssvið og umboð nefndanna. Það eykur yfirsýn stjórnar og starfsmanna og nefndafólk á hverjum tíma verður með hlutverk sitt skýrara en áður.